

**Svar við samráðsspurningum Útvarp Saga**

Búið til 16.5.2017 08:45:27
Höfundur Sigrún Davíðs
Sent 15.5.2017 22:30:20
Tilheyrir  2017040118 - FM samráð

Frá **Arnprúður Karlsdóttir (ak@utvarpsaga.is)**
Til **pfs@pfs.is**
Afrit **ak@utvarpsaga.is**
Efni **Svar við samráðsspurningum Útvarp Saga**
Bréfalykill **10.5.2 Útvarp**

Texti

Póst-og fjarskiptastofnun,
c/o Þorleifur Jónasson,
Suðurlandsbraut 4
108, Reykjavík

Efni: Svör við samráðsspurningum frá Saga-Net- Útvarpi Sögu.

Það er gott til þess að vita að Póst-og fjarskiptastofnun sjái ástæðu til að koma fram með samráðsspurningar og leita eftir álit og upplýsingum hjá útvarpsstöðvum varðandi þetta mikilvæga efni. Útvarp Saga ítrekar og staðfestir fyrri óskir um að fá að senda út dagskrá sína á tveimur FM tíðnum á höfuðborgarsvæðinu þ.e. í Vatnsenda á FM 102,1 á sama sendi og sendiafli og nú er. Sömuleiðis að halda áfram útsendingum á FM 99,4 á sama sendi og sendiafli og nú er. Útvarp Saga er reiðubúin að flytja sendinn FM 99,4 frá Kringlunni í Víðines verði þess óskað. Með hliðsjón af byggðarþróun höfuðborgarsvæðisins síðasta áratug er óhjákvæmilegt annað en að dreifa dagskrárefni útvarpsstöðvarinnar með tveimur sendum á þessu svæði til þess að tryggja gæði hlustunar eins og lög gera ráð fyrir. Þá skal það áréttað að það er stjórnarskárvarinn réttur allra er að fá að njóta jafnræðis. Útvarp Saga hefur margsinnis bent á þessi sjónarmið í greinargerðum og svörum til stofnunarinnar.

Varðandi frekari rök vísast í áðursendar umsóknir, greinargerðir og fundi með forráðamönnum Póst-og fjarskiptastofnunar.

Útvarp Saga hefur ekki í hyggju að setja í gang nýja dagskrá á höfuðborgarsvæðinu á næstunni.

Útvarp Saga hefur ekki tekið afstöðu til DAB-hljóðvarpssenda en er sannarlega með opinn huga fyrir öllum nýjungum sem Póst-og fjarskiptastofnun kann að bjóða uppá.

Virðingarfyllt

Arnprúður Karlsdóttir útvarpsstjóri Útvarps Sögu.



Virus-free. www.avast.com